

Nd. **474. Nefndarálit** [115. mál]
um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Á eftir 1. málsg. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkv. lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki svo og vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 58 28. apríl 1963.

Stefán Valgeirsson og Gylfi Þ. Gíslason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Thoroddsen.	Ólafur G. Einarsson.	